

REGLUGERÐ

um humarveiðar.

1. gr.

Bátum, sem aflamark hafa í humri og uppfylla skilyrði um stærð og vélarafli, sem tilgreind eru í 2. mgr. 9. gr. er heimilt að stunda humarveiðar við Suður- og Suðvesturland á því tímabili sem ákveðið er í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni hverju sinni. Veiðisvæðið markast að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðaustur frá Papey og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Malarrifsvita.

Óheimilt er að stunda veiðar á grynna vatni en 55 föðum.

Heimild þessi gildir ekki þar sem togveiðar eru bannaðar með skyndilokunum eða reglugerð.

2. gr.

Humar í þriðja stærðarflokki (humarhalar 6-10 g að þyngd), sem slitinn er um borð í fiskiskipi, telst ekki með til aflamarks, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 5% af humarafla skipsins í veiðiferð.

Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu magn og hlutfall humars í ofangreindum stærðarflokki í afla hvernar veiðiferðar. Liggi slík staðfesting ekki fyrir telst humarinn að fullu með til aflamarks.

3. gr.

Lágmarksstærð möskva í humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa netstykki á legg úr a.m.k. 135 mm riðli fremst á efra byrði belgs vörpunnar fyrir aftan miðnet. Netstykki þetta skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð. Hverjir tveir leggir þessa netstykkis skulu festast við sjö upptökur vörpunnar.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum eða umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt að festa undir pokann net, allt að 9 m að lengd, með 135 mm möskvastærð til að draga úr sliti.

4. gr.

Þegar humarveiðar eru stundaðar er óheimilt að hafa önnur veiðarfæri en humarvörpu um borð í veiðiskipinu.

5. gr.

Ílát undir humar um borð í veiðiskipi skulu greinilega merkt skipinu og skal veiðidagur tilgreindur á þeim.

Um meðferð afla um borð í veiðiskipi vísast til ákvæða reglugerðar nr. 181, 30. apríl 1993, um meðferð, búnað og hreinlæti við vinnslu sjávarafurða.

6. gr.

Humarafla skal landað til vinnslu hjá viðurkenndri vinnslustöð hér á landi, sem hefur heimild til vigtunar humars, sbr. reglugerð nr. 427/1993, um vigtun sjávarafila.

Óheimilt er að frysta humar um borð í veiðiskipi.

7. gr.

Óheimilt er að stunda botnfiskveiðar með humarvörpu. Verði um óeðlilega botnfiskveiði að ræða þannig að aflaverðmæti fisksins sé svipað eða meira en verðmæti humarafla í tveimur samfelldum veiðiferðum er ráðuneytinu heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða í atvinnuskyni.

8. gr.

Skylt er að hirða allan humar og fiskafla, sem fiskiskip fær í humarvörpu og reiknast fiskafli til botnfiskaflamarks skipsins. Verði aðili uppvís að því að henda humri eða fiski frá fiskiskipi varðar það tafarlausri sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Skal botnfiski haldið aðgreindum eftir tegundum og veginn á löndunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 427/1993, um vigtun sjávarafla.

9. gr.

Heimilt er hverju skipi að flytja allt að 10% af aflamarki sínu í humri frá yfirstandandi fiskveiðiári til þess næsta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild/aflamark í humri frá skipum, er hafa hærra aflamark en 20 lestir af slitnum humri, til skips er ekki hefur hlutdeild í humri fyrir, enda sé skipið, sem flutt er til, 210 brl. að stærð eða minna eða búið 900 hestafla aðalvél eða minni. Slíkur flutningur er háður því skilyrði, að skipið sem flutt er til, fái a.m.k. 10 lesta aflamark af slitnum humri. Að öðru leyti gilda ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um flutning aflahlutdeildar/aflamarks.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að framselja minna aflamark í humri til báta, sem stunda rækjuveiðar á Eldeyjarsvæði og ekki hafa humaraflahlutdeild fyrir. Aflamark það sem framselt er má þó aldrei vera hærra en nemur eðlilegum humaraukaafli við rækjuveiðarnar, að mati Fiskistofu.

10. gr.

Útgerðum skipa er skylt að skrá afla í kvótaskýrslu til Fiskistofu. Þá er skipstjórum skylt að halda sérstakar afladagbækur, sem Fiskistofa leggur til, og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða sviptingu heimildar til veiða í atvinnuskyni, án frekari viðvörunar.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 19. og 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Getur ráðuneytið m.a. svipt skip heimild til veiða í atvinnuskyni í tiltekinn tíma vegna brota á ákvæðum þessarar reglugerðar.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.